


Æfingin skapar meistarann

Þjálfunarefni í lesfimi
fyrir mið- og unglingastig



Textar úr
30 hættulegustu dýrin

Helgi Hrafn Guðmundsson



MENNTAMÁLASTOFNUN

Um leshraða

Hæfilegur leshraði, sem birtist í áreynslulausum lestri, er mikilvægur fyrir lesskilninginn. Ef þú þarft ekki að hugsa mikið um lesturinn sjálfan getur þú einbeitt þér að merkingu textans. Þess vegna skiptir lesfímipjálfun máli.



Um lestrarnákvæmni

Gott er að hafa fingur eða blýant undir texta þegar lesið er vegna þess að það:

- Eykur nákvæmni við lestur,
- tryggir betra flæði,
- hjálpar þér að fara ekki línuvillt,
- og tryggir réttan skilning á texta.

Undirbúningur undir lestur

Það er alltaf gott að renna yfir texta og athuga hvort hann innihaldi löng eða erlend orð sem þú þarft að æfa sérstaklega. Það er einnig gott að nota fyrirsagnir til að spá fyrir um innihaldið því þá getur þú notað það sem þú veist þegar um efnið til að skilja textann.

Um ný orð

Góðir lesarar eru alltaf vakandi fyrir nýjum orðum og eru duglegir að spyrja um merkingu orða sem þeir þekkja ekki. Hvert nýtt orð sem þú lærir hjálpar þér að skilja heiminn betur.

Um jákvætt hugarfar


Gott læsi er mikilvægt fyrir velgengni í lífinu. Þess vegna skaltu hafa jákvætt viðhorf til lestrar og ávallt leggja þig fram í þjálfuninni.

Skipti	Dagsetning	Tímataka 1 orð 1	Tímataka 2 orð 2	Tímataka 3 orð 3	Lestrarþjálfari	Skóli
1						
2						
3						
4						
5						

6						
7						
8						
9						
10						


11						
12						
13						
14						
15						

16						
17						
18						
19						
20						



Stingskata


Stingskötur eru hitabeltisfiskar, rándýr sem veiða krabba, skeljar og ýmsa fiska. Þær eru með hala og á honum er að finna eitraða brodda.	9
Stingskötur eru ekki árásarhneigðar en þær nota broddana yfirleitt í sjálfsvörn, þegar þær þurfa að verjast stórum rándýrum í hafinu, til dæmis hákörlum. Menn geta orðið fyrir broddunum þegar þeir stíga á skötur í sjónum eða meiða stingskötturnar á einhvern hátt fyrir slysi.	23
Það er sjaldgæft að menn verði fyrir árás stingskatna en þó kemur það fyrir. Ástralski sjónvarpsmaðurinn og dýravínurinn Steve Irwin lést af völdum stingskötubits er hann kafaði of nálægt stingskötunni við strendur Queensland í Ástralíu. Hann skelfdi dýrið sem beitti þá sinni banvænu sjálfsvörn.	33
	44
	54
	66
	78
	86
	97
	108



1. Hver er líklegasta ástæðan fyrir nafni þessarar skötutegundar?
2. Hvað merkir að þessi dýrategund sé rándýr?

Afríkubuffall


Afríkubuffall er ólíkur náfrænda sínum, asískum buffli, að því leyti að	11
hann hefur aldrei verið taminn. Það er vegna þess að Afríkubuffall	22
er óútreiknanleg og mjög hættuleg skepna. Afríkubufflar búa á	31
hitabeltisgresjum sunnan Sahara og geta orðið allt að eitt tonn að	42
þyngd og þrír metrar að lengd. Þeir eru gríðarlega sterkir og bera þykk	55
og beitt horn sem þeir beita óspart ef þeim er ógnað. Skepnurnar eru	68
grasbítar og vilja því öðrum dýrum ekki illt nema í sjálfsvörn. Margar	80
rándýrategundir búa í náttúrulegum heimkynnum Afríkubufflanna	86
og þeir hafa þróað með sér sterkar varnir. Bufflarnir eru skapillir og	98
ráðast til atlögu telji þeir sér ógnað. Það er kannski ekki á allra vitorði	112
en staðreyndin er sú að bufflar eru ein hættulegustu spendýr Afríku.	



1. Af hverju hefur Afríkubuffall aldrei verið taminn?
2. Hvert er helsta vopn Afríkubuffalsins?

Ísbjörn 1


Ísbjörn er stærsta rándýrið og kjötætan á landi, ásamt Alaskabirninum	10
sem er skógarbjarnategund. Fyrir utan Alaskabjörninn ber ísbjörninn	18
höfuð og herðar yfir önnur dýr á norðurslóðum og ríkir þar efstur í	31
fæðukeðju fjölmargra sterkra og öflugra dýra á borð við rostunga og	42
seli. Ísbirnir nærast helst á selum. Þeir læðast að selum sem liggja við	55
vakir á hafísbreiðum og stökkva á þá. Þeir eru furðulega liprir miðað	67
við stærð. Feldurinn er þykkur og ver birnina fyrir köldu loftslaginu	78
þar sem þeir búa. Ísbirnir eru ekki einungis landdýr því þeir eyða	90
miklum tíma í hafinu. Þyngstu ísbirnir vega um 700 kíló og eru um þrír	104
metrar á lengd. Þrátt fyrir þessa gríðarmiklu stærð eru ísbirnir engir	115
klunnar því þeir eru frábærir sundgarpar og geta synt á tíu kílómetra	127
hraða. Þeir hafa mikið þol og hafa sést í þrjú hundruð kílómetra	139
fjarlægð frá landi.	



1. Hvað borða ísbirnir helst?
2. Hvað merkir að ísbjörninn sé efstur í fæðukeðjunni?

Digursporði


Sporðdrekar eru skelfilegir útlits og koma þess vegna oft fyrir í	11
bíómyndum þegar skjóta á fólki skelk í bringu. „Androctonus“ er	21
gríska heitið fyrir ættkvísl hættulegustu sporðdrekanna. Það þýðir	29
„sá sem drepur menn“, hvorki meira né minna. Ættkvíslin er þó	40
oftast kölluð digursporðar, sökum þykks hala. Digursporðar búa í	49
Mið-Austurlöndum og Afríku og eru miðlungsstórir af sporðdrekum	57
að vera, eða um tíu sentimetrar á lengd. Eitur þeirra er sérstaklega	69
öflugt og leggst á taugakerfið. Sporðdrekar ráðast nánast aldrei á	79
menn eða önnur dýr að fyrra bragði. Þeir gera það nær eingöngu	91
í sjálfsvörn, til dæmis þegar fólk fer ógætilega og stígur eða sest	103
óvart á dýrin. Þegar fólk verður fyrir árás digursporðdreka er	113
nauðsynlegt að leita hjálpar og fá móteitur. Stungan getur annars	123
reynst lífshættuleg.	



1. Hvers vegna er þessi sporðdrekategund kölluð digursporði?
2. Hversu stórir eru miðlungsstórir sporðdrekar?

Háhyrningur


Háhyrningar eru hvalategund af höfrungaætt. Þeir eru með öflugustu	9
rándýrum jarðar og nærast á stórum spendýrum í hafinu á borð við	21
seli og sæljón og ráðast jafnvel á litla hvali. Háhyrningar veiða saman	33
í stórum hópum og eru einstaklega kænir að gabba bráð sína. Eins og	46
aðrar hvalategundir eru háhyrningar gáfaðar skepnur og hafa	54
háþróaða samskiptatækni. Menn eru nánast aldrei í nálægð við	63
háhyrninga á hafi úti og eru einfaldlega ekki hluti af fæðuhring þeirra.	75
Þó hefur það gerst nokkrum sinnum að háhyrningar í dýragörðum	85
drepi menn í búrum sínum. Slíkt atferli er rekið til geðrænna	96
vandamála dýranna. Það er auðvitað ekki í eðli þeirra að vera	107
innilokaðir í litlum búrum. Háhyrningar geta orðið átta metrar	116
að lengd. Á ensku eru háhyrningar kallaðir „killer whales“ eða	126
„drápshvalir“.	



1. Hvað merkir að háhyrningar séu kænir?
2. Við hvaða aðstæður eru háhyrningar hættulegir mönnum?

Ljón


Ljónið er svo glæst og tignarlegt að það hefur orðið táknmynd	11
dýraríkisins og er gjarnan kallað „konungur dýranna“. Stundum	19
gleymist að ljónið er þó fyrst og fremst afar sterkt rándýr sem hollast	32
er að vara sig á. Ljón lifa á sebrahestum, buffölum, gíröffum,	43
antílópum og ýmsum öðrum skepnum. Í fornöld héldu ljón til í	54
suðurhluta Evrópu, til dæmis í Grikklandi til forna, Mið-Austurlöndum	63
og á Indlandi. Þeim hefur hins vegar fækkað mikið eins og mörgum	75
öðrum stórum kattardýrum og stofninn er nú einungis að finna í	86
Afríku. Ljón á auðvelt með að yfirbuga óvopnaðan mann og	96
mýmörg dæmi eru til um ljón sem ráðist hafa á og étið mannfólk.	109
Helsta hættu manna af ljónum nú til dags stafar af því þegar fólk villist	123
inn á yfirráðasvæði ljóna eða angrar þau fyrir heimsku eða slysni.	



1. Hvers vegna hefur ljónið fengið viðurnefnið „konungur dýranna“?
2. Við hvaða aðstæður er líklegt að ljón ráðist á mann?

Tarantúluveiðari


Kóngulóarvespur veiða sér stór dýr á borð við kóngulær til matar. Á	12
íslensku mætti kalla vespuna sem hér um ræðir tarantúluveiðara.	21
Eins og nafnið gefur til kynna ráðast vespurnar á tarantúlur, stórar	32
kóngulær. Tarantúluveiðarar ráðast sjaldan á menn en stunga þeirra	41
mun vera gífurlega sársaukafull og hún getur verið banvæn.	50
Kvenflugan veiðir tarantúluna og lamar hana með stungu sinni sem	60
æti fyrir lirfur sínar. Hún dregur bráðina í hreiður sitt þar sem hún	73
verpir eggj í maga kóngulóarinnar og lokar svo fyrir gatið. Þegar lirfan	85
skríður út úr eggj sínu hefst hún handa við að éta kóngulóna að innan	99
en lætur mikilvægustu líffærin í friði til að halda henni sem lengst á	112
lífi. Þegar lirfan þúpar sig drepur hún loks bráðina. Það er stundum	125
eins gott að sjá ekki hvað er að gerast í afkimum náttúrunnar!	



1. Hvaða dýrategund er tarantúluveiðari?
2. Er tarantúlan lifandi eða dauð þegar tarantúluveiðarinn dregur hana inn í hreiðrið sitt?

Komodo-dreki


Vegna stærðar sinnar þurfa Komodo-drekar mikla fæðu. Þeir veiða	9
stór dýr sér til matar, oftast aðrar eðlur, villisvín eða dádýr. Eða háma	22
í sig hræ dýra sem verða á vegi þeirra. Komodo-drekar éta nánast allt	35
sem að kjafti kemur og það þekkist að þeir felli stór dýr á borð við	50
buffala. Og þess eru dæmi að þeir hafi veitt menn. Komodo-drekinn	61
veiðir með því að fela sig og bíða rólegur eftir bráðinni. Þegar færið	74
gefst loks stekkur drekinn upp í loft með sterkbyggðum en stuttum	85
löppunum sem virðast smíðaðir úr gormum. Hann læsir sig í	95
fórnarlambið með ílöngum klónum og hárbeittum tönnunum.	102
Fórnarlambið er venjulega mjög sært eftir árásina og ef það er ekki	114
þegar dauðt notar Komodo-drekinn sérstakt leynibragð. Munnvatn	121
hans er fullt af bakteríum sem veldur oft blóðeitrun hjá	131
fórnarlambinu eftir um það bil sólarhring.	



1. Hvernig veiðir Komodo-drekinn?
2. Hvaða leynibragði beitir Komodo-drekinn ef honum tekst ekki að drepa bráð sína í fyrstu tilraun?

Moskító

Hvaða dýr veldur dauða um einnar milljónar manna á hverju einasta ári? Er það kannski ógnvænlegt rándýr? Eiturslanga? Kónguló? Nei, það er hin agnarsmáa moskítófluga. Moskítóflugan er auðvitað ekki hættuleg fluga þegar hún bítur mann. Bitið er í sjálfu sér mjög lítilfjörlegt, svo menn taka varla eftir því. En moskítóflugan ber ýmsa sjúkdóma á milli manna og dýra sem valda gríðarlegum skaða. Malaría er mannskæðasti sjúkdómurinn sem moskítóflugan ber á milli. Um ein milljón manna lætur lífið úr malaríu á hverju ári og tugir milljóna sýkjast alvarlega af þessum sjúkdómi. Moskítóflugur nærast að mestu á safa úr blómum. Kvenflugurnar sjúga hins vegar blóð úr mönnum og öðrum dýrum vegna prótína sem þær þurfa til að geta þroskað eggín sín. Alls eru til fjögur þúsund tegundir af moskítóflugum. Menn sjá auðvitað engan mun á þeim nema undir stækkunargleri eða í smásjá.	11 20 29 41 51 62 70 83 91 102 113 126 136
---	--



1. Hvers vegna er moskítóflugan eitthvert hættulegasta dýr á jörðinni?
2. Hvers vegna stinga moskítóflugur menn?

Kóbraslanga


Indverska kóbraslangan, sem stundum er kölluð gleraugnaslanga eða	8
asísk kóbraslanga, býr á Indlandi og í nálægum löndum í Suður-Asíu.	19
Þegar hún er hrædd eða vör um sig reynir hún að verja sig með því að	35
þenja út svæðið fyrir neðan höfuðið. Það á að gefa óvinum til kynna	48
hve hættuleg hún er. Kóbraslangan hefur löngum vakið áhuga fólks og	59
kemur hún víða við sögu í trúarbrögðum. Myndir af guðinum Shiva í	71
hindúasið sýna hann til að mynda oft með kóbraslöngu, en dýrið er	83
talið dularfullt og göfugt. Kóbraslöngur eru rándýr og nærast á ýmsum	94
fuglum, nagdýrum, froskum og eðlum. Stundum leita slöngurnar til	103
mannabyggða í leit að rottum. Bit kóbraslöngunnar er eitrið. Þegar	113
hún læsir tönnunum í bráðina ræðst eitrið á taugakerfið og lamar	124
vöðva. Mannfólk er í lífshættu ef það kemst ekki undir læknishendur.	135
Flestir sem fá móteitur lifa af.	



1. Hvað gerir kóbraslangan til að hrekja óvini sína burt?
2. Hvað veldur því að kóbraslöngur leita stundum til mannabyggða?

Flóðhestur

Flóðhestar eru þungir og stórir. Þeir búa í votlendi í Afríku sunnan Sahara og vilja helst af öllu liggja í vatni. Þess vegna nefndu Forn-Grikkir þá ár-hesta eða hippópótamos sem nú er alþjóðlegt tegundaheiti flóðhesta. Þrátt fyrir að dýrin séu grasætur og sæki ekki í kjöt eru þau stórhættuleg. Ekkert spendýr í Afríku veldur jafnmörgum dauðsföllum hjá mannfólki og flóðhesturinn. Þeir eru sérlega varir um sig og viðkvæmir fyrir truflun. Þessi stórgerðu dýr verja hjörð sína fram í rauðan dauðann og ef þeir telja sér ógnað ráðast þeir óhikað til atlögu og virðast ekki hræddir við neitt. Þrátt fyrir líkamsstærðina og þunglamalegt útlit er flóðhesturinn snöggur og furðulega lipur. Flóðhestur á fullri ferð er ekki lamb að leika sér við. Flóðhestar er félagslynd dýr en þykja geðstirðir í garð annarra tegunda. Nánustu ættingjar flóðhesta búa ekki á landi. Það eru hvalir.	12 25 33 44 54 62 73 86 98 106 119 130
---	---



1. Hvers vegna kölluðu Forn-Grikkir flóðhesta ár-hesta?
2. Hvers vegna valda flóðhestar fleiri dauðsföllum hjá mannfólki en önnur dýr?

Eldmaurar


Eldmaurar eru upprunalega frá Suður-Ameríku en hafa breiðst út um	10
allan heim undanfarna áratugi. Af þeim sökum eru þeir oft nefndir	21
„innfluttir eldmaurar“. Þeir eru rándýr sem búa í stórum maurabúum	31
og veiða ýmis skordýr en nærast einnig á plöntum. Bit eldmaura eru	43
mjög sársaukafull og af þeim hljóttast útbrot. Eitt stakt bit er ekki	55
alvarlegt en öðru máli gegnir um árás hundruða eldmaura á einn	66
mann. Slík aðför getur átt sér stað ef maurunum er ógnað, til dæmis	79
með því að maður stígur á maurabú. Það túlka eldmaurarnir	89
einfaldlega sem árás og þeir svara fyrir sig. Ef ró er raskað í maurabúi	103
ryðjast allir eldmaurarnir út og skríða í einu vetfangi á manninn eða	115
dýrið sem truflaði þá. En þeir stinga ekki strax. Eftir tíu til tuttugu	128
sekúndur stinga þeir svo allir í einu. Enginn veit hvernig þeir samhæfa	140
árásina.	



1. Hvað borða eldmaurar?
2. Hvað gera eldmaurar ef einhver stígur óvart á búið þeirra?

Ísbjörn 2


Felulitur dýrsins, sem lætur það falla inn í mjólkurhvíta veröld	10
norðurslóða, gerir það að stórhættulegum andstæðingi. Ísbirnir eru	18
gífurlega sterkir, fimir og hraðskreiðir sem gerir þá að einu	28
hættulegasta dýri jarðar. Ísbirnir hlaupa ógnarhratt, geta náð 40	37
kílómetra hraða þegar þeir hlaupa af stað á jafnsléttu. Það er meiri	49
hraði en Usain Bolt, fljótasti maður í heimi, hleypur á. Þeir eru auk	62
þess með frábært þefskyn sem gerir þeim kleift að þefa uppi bráð	74
langar leiðir. Þrátt fyrir þetta ráðast ísbirnir sárasjaldan á mannfólk.	84
Dýrin slæðast örsjaldan til mannabyggða. Ástæðan er þá venjulega	93
sú að dýrið er orðið mjög hungrað og veikt og grípur til örþrifaráða.	106
Nyrst í Kanada eru ísbirnir þó farnir að halda til í nágrenni við	119
öskuhauga þar sem þeir éta allt ætilegt.	



1. Hvaða eiginleikar gera ísbjörninn að hættulegum andstæðingi?
2. Hvað veldur því að ísbirnir leita stundum til mannabyggða?

Gyllti eiturfroskurinn


Pínulítill froskur býr í regnskógum á Kyrrahafsströnd Kólumbíu í Suður-Ameríku. Svört augun eru áberandi því að búkurinn allur er fagurlega gulur eða gylltur. Þetta virðist harla meinlaus skepna. En svo er alls ekki. Þarna er komin eitraðasta dýrategund jarðar. Gyllti eiturfroskurinn geymir gífurlega mikið eitur í kirtlum sem eru dreifðir víðs vegar um yfirborð líkama hans. Ef rándýr snertir froskinn drepst það. Eitt milligramm af eitrunu nægir til að drepa um tíu þúsund mýs. Sama magn myndi nægja til að drepa tíu til tuttugu menn og tvo stóra Afríkufíla. Eitt gramm af eitri frosksins er nóg til að drepa tíu til tuttugu þúsund manns. Sem betur fer er froskurinn alls ekki árásargjarn. Hann notar eitrið einungis til sjálfsvarnar og veiðir ekki dýr með því. Frumbyggjar hafa notað eitrið fyrir örvarnar sínar, til dæmis til að veiða dýr í skóginum og verja sig fyrir öðrum mönnum.	9 19 29 40 50 61 73 86 99 111 121 132
---	--



1. Hvers vegna er þessi froskategund eins hættuleg og raun ber vitni?
2. Hvernig nýtist eitrið úr froskunum öðrum en þeim sjálfum?

Hvítháfur


Sem betur fer eru menn ekki ofarlega á lista hvítháfsins yfir girnilega fæðu. Ástæðan er sennilega sú að allt of mikið er af erfiðum beinum	12
í mannlíkama til að hákarlinum finnist ómaksins vert að næla sér í	25
mannakjöt. Ef þessi risahákarl væri virkilega sólginn í mannlega bráð	37
gæti nefnilega verið ansi blóðugt um að litast á baðströndum	47
suðlægra slóða þar sem hákarlarnir búa. Sögur hafa borist um	57
hvítháfa sem hafa verið yfir átta metrar að lengd og hátt í fjögur tonn	67
að þyngd. Þrátt fyrir þyngdina er talið að hvítháfurinn geti náð allt	81
að 56 kílómetra hraða á klukkustund þegar hann gerir leifturárásir	93
sínar, þriðjungi meiri hraða en Usain Bolt nær á sínum hundrað metra	103
spretti. Stórar tennurnar eru beittar sem hnífsblöð. Þær eru 300 í	115
nokkrum röðum og þegar hákarlinn bítur í bráð sína hnykkir hann	126
höfðinu til og frá og beinlínis sagar sig í gegnum hold fórnarlambins.	137



1. Hvers vegna finnst hvítháfum menn óspennandi fæða?
2. Hversu stórir og þungir geta hvítháfar orðið?

Hýena


Hýenur minna bæði á hunda og ketti í útliti en eru skyldari kattardýrum. Ýmislegt í eðli hýena er þó ólíkt því sem þekkest hjá	12
köttum því hýenur ferðast í hópum líkt og úlfar og veiða saman. Þessi	24
eiginleiki gerir hýenur að mjög góðum veiðidýrum. Þrátt fyrir að hver	37
og ein hýena sé tiltölulega smá geta hýenur sigrað hvaða dýr sem er	48
þegar þær vinna saman. Hýenur eru alætur, þær nærast á hræjum og	61
svo til hverri þeirri bráð sem á vegi þeirra verður. Kjálkar þeirra eru	73
einstaklega sterkir og geta brotið stærðarinnar bein. Magasýrurnar	86
geta síðan brotið niður skinn, hár og bein. Hýenur eru víðfrægar fyrir	94
„hláturinn“ sem þær gefa frá sér. Þó er þetta ekki hlátur í skilningi	106
mannsins heldur óp sem táknar árásarhug, ótta eða kynferðislegan	119
æsing. Hýenur geta átt það til að ráðast á menn. Þegar hungrið sverfur	128
að leita hýenur stundum til mannabyggða, sérstaklega á nóttinni.	141



1. Hvað merkir að hýenur séu alætur?
2. Hvers vegna eru hýenur góð veiðidýr?

Brasilíska flökkukóngulóin

Margar sögur ganga um að kóngulær eins og svarta ekkjan og	11
tarantúla séu ógurlega hættulegar mönnum. Í reynd eru þó mjög	21
vandfundin dæmi um að slíkar kóngulær hafi valdið dauðsföllum.	30
Öðru máli gegnir um brasilísku flökkukóngulóna en sú kónguló er	40
skráð í Heimsmetabók Guinness sem eitraðasta kónguló heims. Þær	49
eru í hópi stærstu kóngulóa, skrokkurinn á þeim stærstu getur verið	60
hátt í fimm sentímetra langur en með löngum löppunum er	70
„faðmur“ dýranna allt að fimmtán sentimetrar. Flökkukóngulær	77
spinna ekki vef en lúra á dimmum stöðum og bíða þar eftir bráð. Þær	91
veiða alls konar skordýr en einnig stærri dýr eins og mýs, froska og	104
eðlur. Þær draga nafn sitt af því að þær eru mikið á ferðinni að leita	119
sér að nýjum felustöðum og hafa þá oft skriðið inn í mannabústaði	131
og komið fólki illilega á óvart. Bit þeirra er hættulegt og þekkt dæmi	144
eru um að þær hafi drepið fólk.	




1. Hvað er ólíkt með veiðiaðferð flökkukóngulóa og annarra kóngulóa?
2. Hvers vegna heitir tegundin þessu nafni?

Risageitungur

Margar tegundir eru til af geitungum. Fólk er oft hrætt við þessi dýr en þau eru sjaldnast mjög hættuleg í raun. Frá því eru þó undantekningar. Japanski risageitungurinn er stór vesputegund. Fullvaxnar eru flugurnar um fjögurra sentímetra langar með um sex sentímetra vænghaf. Í Japan er tegundin þekkt sem risafuglabýfluga. Eins og flestar vesputegundir er japanski risageitungurinn að mestu meinlaus ef hann verður ekki fyrir áreiti. En ef honum finnst þjarmað að sér reynir hann að stinga andstæðinginn með löngum broddi sínum sem inniheldur eitur. Eitrið ræðst á taugakerfið og getur valdið skaða á líkamsvef fórnarlambins. Árás japanska risageitungsins er alvarleg vegna mikils magns eitursins sem geitungurinn sprautar í hverri stungu. Menn þurfa að leita sér aðstoðar á spítala ef þeir verða fyrir slíkri stungu, sérstaklega ef stungurnar eru fleiri en tíu. Um fjörtíu manns deyja á ári hverju í Japan vegna geitungsins og er hann því hættulegasta dýrið þar í landi.


13
25
31
41
50
59
71
81
92
100
108
121
132
145



1. Hvað veldur því að japanski risageitungurinn ræðst á fólk?
2. Hvers vegna eru stungur japanska risageitungsins hættulegri en annarra geitunga?

Afríkufíll


Afríkufíll er stærsta landdýr jarðar. Hann er stærri en Asíufíllinn	10
og geta karlfílar vegið um sex tonn. Fíllinn er víðast hvar í	22
útrýmingarhættu vegna vægðarlausra veiða mannsins sem sækir í	30
skögultennur dýrsins sem kallast fílabein. Bann hefur verið lagt við	40
þessum veiðum, en því miður er það brotið í allt of mörgum tilvikum.	43
Fílar eru ekki kjötætur og nærast á rótum, grasi og ávöxtum. Þó	65
drepa þeir reglulega ýmis dýr í sjálfsvörn og nota þá stóran skrokk	77
sinn og fætur til að fella andstæðinga sína og kremja þá. Í verstu	90
tilfellum geta fílar tætt í sundur skrokka dýra sem þeim er uppsigað	102
við. Umráðasvæði fíla minnka sífellt og samgangur fíla og manna	112
eykst samhliða. Það hefur aukist að fílar ráðist á menn. En það gera	125
þeir ekki af grimmd, heldur vegna þess að þeir þola illa truflun frá	138
mönnum. Fílar eru stórfengleg dýr og séu þeir látnir í friði eru þeir	151
ekki hættulegir.	



1. Hvað merkir að Afríkufíllinn sé í útrýmingarhættu?
2. Hvers vegna drepur Afríkufíllinn dýr fyrst hann étur þau ekki?

Svarta ekkjan

Svarta ekkjan er kolsvört kónguló sem auðvelt er að þekkja af rauðum	12
bletti á búknum sem er eins og stundaglas í laginu. Sex tegundir	24
kóngulóa teljast til ættkvíslarinnar og allar eru þær eittraðar.	33
Tegundirnar búa í ólíkum heimshlutum, ein í Afríku, önnur í Suður- og	45
Norður-Ameríku, og sumar í sunnanverðri Evrópu og í Mið-	54
Austurlöndum. Fjölskyldulíf svörtu ekkjunnar er ekki mjög ástríkt	61
því kvendýrið drepur karldýrið að loknum mökum. Karlarnir sjást því	71
sjaldan og hin eiginlega svarta ekkja sem fólk þekkir er kvendýrið.	82
Ekkjunafnið er ekki tilviljun, þær drepa jú karla sína! Þótt bit	93
svörtu ekkjunnar sé eittrað og drepri auðveldlega ýmis dýr veldur það	104
sjaldnast dauða hjá mannfólki, nema ef fórnarlambið er veikt fyrir.	114
Eins eru börn og gamalmenni í áhættuhópi hvað eitrið varðar. En	125
þótt svarta ekkjan virðist ógnvænleg bítur hún sárasjaldan menn eða	135
önnur stór dýr nema í algjörri neyð. Því lenda fáir í biti hennar nema	149
þeir sem komast óvart í návígi við kóngulóna, til dæmis með því að	162
setjast á hana.	



1. Hvað merkir orðið „ekkja“?
2. Hvers vegna er ólíklegt að menn verði fyrir biti svörtu ekkjunnar?